

Rúghveiti (*x Triticosecale rimpau*)

Enska; Triticale, danska; Rughvede, norska; Rughvete, sænska; Rågvete

Tegundalýsing og kjörlendur

Rúghveitið er manngerð korntegund sem var fyrst búin til á rannsóknarstofum í lok 19. aldar. Tegundin er blendingur á milli rúgs og hveitis. Þegar hveiti og rúgi er blandað saman, er hveitið notað sem móðurforeldri en rúgurinn sem faðir. Rúghveitið sem notað er í ræktun er s.k. annarrar kynslóðar blendingar, þ.e. víxlanir á milli tveggja ólíkra fyrstu kynslóðar blendinga. Rúghveitið er fyrst og fremst sjálfrjóvga líkt og hveitið en víxlfrjóvgun er einnig möguleg. Með rúghveiti á að ná fram bestu kostum hvorrar tegundar fyrir sig, þannig að rúghveitið gefur meiri uppskeru, er harðgerðara og sjúkdómaþolnara en foreldrarnir. Rúghveitið er enn aðallega ræktað til fódurs og eru fóðurgæði kornsins talin betri en í öðrum korntegundum. Það eru til bæði sumar- og vetrar-afbrigði af rúghveiti en mest er ræktað af vetrar-rúghveiti sem má nota bæði til beitar eða sláttar og kornræktar.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Rúghveitið var prófað nokkuð í grænafóðurtilraunum hér á landi á 9. áratug síðustu aldar og gefur það sambærilega uppskeru og fóðurgildi eins og bygg og hafrar. Það hafði hins vegar ekkert fram yfir þessar tegundir, auk þess sem sáðkornið var mun dýrara, viðkvæmara og vandmeðfarnara. Þess vegna var ekki mælt með þessari tegund í ræktun hér. Þetta getur þó átt eftir að breytast. Árin 2000, 2001 og 2007 voru á Korpu borin saman vetrarkornyrki af rúghveiti, hveiti og rúgi. Rúghveitið kom yfirleitt illa út úr þeim samanburði. Besta yrkið var með mun minna vetrarþol og minni kornuppskeru en bestu yrkin í rúgi og og oftast einnig í hveiti.

Ræktunarleiðbeiningar

Rúghveiti má rækta í margskonar jarðvegi og þeir eru tiltölulega auðveldir í ræktun. Sáðkornið er hins vegar viðkvæmt og missir fljótt þrótt og það getur komið niður á árangri ræktunarinnar. Þúsund kornþyngd kornsins er 30 – 40 g og fullt sáðmagn er 200 kg á ha. Það er fyrst og fremst ræktað hreint. Ekki eru skráð nein yrki af rúghveiti í "Nytjaplöntur á Íslandi" en best er að hafa samband við innflytjendur sáðvöru eða ráðunauta um kaup á yrkjum. Æskileg sáðdýpt er 2-4 sm og sáðbeðið á að vera vel unnið (plægt, herfað og valtað). Sáðtími rúghveitis á helst að vera í maí. Rúghveitið gerir svipaðar áburðarkröfur og annð grænafóður af grasaætt. Upplýsingar um heppilega áburðarskammta má slá upp í Handbók bænda.

